

# NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Til lögreglumanna.

Reykjavík, 12. ágúst 2021

Nefnd um eftirlit með löggreglu hefur í ljósi umræðunnar í samfélaginu undanfarnar vikur og mánuði talið tilefni til þess að áréttá ákveðin atriði er varða skoðun nefndarinnar á upptökum úr eftirlitskerfum löggreglubifreiða og úr búkmyndavélum lögreglumanna við störf sín og afskipti af borgurunum.

Nefnd um eftirlit með löggreglu starfar á grundvelli VII. kafla löggreglulaga nr. 90/1996. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. laganna, eru annars vegar að taka við kærum á hendur starfsmanni löggreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans og hins vegar að taka við kvörtunum vegna starfsaðferða löggreglu eða framkomu starfsmanns löggreglu sem fer með löggregluvald. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að löggreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Þá hefur nefndin einnig heimild til þess að taka mál til skoðunar að eigin frumkvæði þegar nefndin telur tilefni til. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Hlutverk nefndarinnar er að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu löggreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið og til dæmis að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna löggreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

Hvað varðar beiðnir nefndarinnar um gögn frá löggreglustjóra þá segir í 6. mgr. 35. gr. a. löggreglulaga, að ríkissaksóknara, héraðssaksóknara og löggreglustjórum, þ.m.t. ríkislöggreglustjóra sé skylt að afhenda nefndinni þær upplýsingar sem hún þarf til að sinna starfssskyldum sínum. Þá er nefndin bundin þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Nefndin er einnig bundin þagnarskyldu um efni gagna og upplýsinga sem hún fær frá ákæruvalds- og löggæsluembættum á sama hátt og starfsmenn þeirra embætta.

Rétt er að benda á að 14. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga kveður á um að rafræn vöktun sé ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi og það efni sem verður til við vöktunina verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar með nema með samþykki þess sem upptaka er af eða á grundvelli heimilda í reglum og fyrirmælum persónuverndar um rafræna vöktun og vinnslu efnis sem verður til við vöktunina. Þá segir í reglum nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun nánar tiltekið í 7. gr. þeirra að óheimilt sé að varðveita

## NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

persónuupplýsingar sem til verða við rafræna vöktun nema það sé nauðsynlegt í ljósi tilgangs vöktunarinnar. Þá kveða reglurnar einnig á um eyðingu persónuupplýsinganna sem verða til við slíka vöktun þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær. Nefndin bendir á að almennt er upptökum eytt hjá lögreglustjóra eftir 90 daga sé ekki þörf á varðveislu þeirra vegna meðferðar á málum þar sem þær geta reynst nauðsynlegar.

Ábyrgðaraðili hefur heimild til þess að afhenda nefndinni upplýsingar sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 75/2019 um vinnslu persónuupplýsinga til að geta sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Samkvæmt 2. mgr. sömu gr. kemur fram að ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 gilda að öðru leyti um miðlun persónuupplýsinga skv. 1. mgr. og vinnslu viðtakanda á upplýsingunum.

Í verklagsreglum um búkmyndavélar kemur m.a. fram að eitt af markmiðum með notkun vélanna sé að varpa ljósi á málsatvik þegar ágreiningur er um atvikalýsingu af vettvangi. Það er tilgangur nefndarinnar með yfirferð upptaka úr búkmyndavél eða upptökukerfum löggreglubifreiða, þ.e. að varpa ljósi á atvikalýsingu af vettvangi sem ágreiningur er um eða er óljós vegna kvörtunar borgara um starfsaðferðir eða framkomu löggreglu við tiltekin afskipti.

Í tilefni kvartana vegna starfa löggreglu óskar nefndin eftir gögnum frá viðeigandi embætti til þess að geta varpað ljósi á kvörtunarefnið með skýrum hætti og fer þess á leit við embættið að vera afhent afrit af upptökum úr búkmyndavélum löggreglumanna og eftir atvikum úr löggreglubifreiðum. Reynsla nefndarinnar hefur sýnt fram á að þörf er á að óska, með nokkuð ítarlegum hætti, eftir upplýsingum vegna mála sem eru til meðferðar hjá nefndinni til þess að geta greint þau með viðhlítandi hætti og staðreynt hverjar aðstæðurnar voru hvert sinn. Að gefnu tilefni er áréttar að nefndin skoðar einungis það er varðar umrætt kvörtunarefni og hlustar ekki eftir persónulegum samskiptum milli löggreglumanna nema það varði skýra afstöðu löggreglumannanna eða framkomu gagnvart þeim sem afskiptin voru höfð af. Að öðru leyti þá skeytir nefndina engu þegar löggreglumenn ræða mál sín á milli. Það hefur reynst nefndinni vel til að geta varpað ljósi á atvik sem kvartað er undan að sjá upptöku úr búkmyndavélum og hafa þær oftar en ekki sýnt fram á tilhæfuleysi kvartana bæði yfir starfsháttum og framkomu löggreglumanna. Upptökurnar hafa þó einnig sýnt starfsaðferðir og háttsemi sem teljast ámælisverðar eða refsiverðar og getur nefndin þá með upplýstum hætti sent mál til meðferðar ýmist hjá héraðssaksóknara eða lögreglustjóra sem yfirmanns viðkomandi löggreglumanns.

Nefnd um eftirlit með löggreglu lítur svo á að notkun búkmyndavéla og upptökukerfa löggreglubifreiða í hljóði og mynd sé til þess fallin að upplýsa með tryggum hætti hver málsatvik eru í þeim málum sem berast nefndinni. Þá áréttar nefndin að upptökur úr búkmyndavélum hafa gert nefndinni kleift að sinna starfi sínu með nákvæmari hætti og í auknum mæli staðfest að ekki væri tilefni til að aðhafast frekar vegna þess að ekkert ámælisvert hafi verið við framkvæmd starfa viðkomandi löggreglumanns. Því hvetur nefnd um eftirlit með löggreglu löggreglumenn til þess að nota búkmyndavélar samkvæmt verklagsreglum og lítur nefndin svo á að það sé einnig til verndar löggreglumönum í störfum sínum að þær séu notaðar til hlítar. Nefnd um eftirlit með löggreglu telur einnig rétt að fullvissa löggreglumenn um að nefndin skoðar einungis það er varðar umkvörtunarefni borgara en ekki persónuleg samskipti löggreglumanna sín á milli um daginn og veginn.

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**

Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Að lokum þá áréttar nefnd um eftirlit með lögreglu einnig að nefndin hefur heimild til þess að fá upplýsingar afhentar og vinna úr þeim en nefndin afhendir ekki gögn er stafa frá lögreglu til aðila máls og beinir öllum slíkum fyrirspurnum til viðeigandi embættis. Ákvarðanir nefndarinnar eru eingöngu afhentar viðkomandi embætti og aðila máls.

F.h. nefndar um eftirlit með lögreglu

  
Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir